

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1973

Nr. 41.

100

24. apríl 1973.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. bætist nýr málslíður, 4. málslíður, svofelldur:

4. Fyrir brot gegn 165 gr. 2. málsgr., svo og fyrir manndráp, líkamsmeiðingar, frelsissviptingu og önnur ofbeldisverk, sem framin eru í tengslum við brot á þessu ákvæði, og enn fremur fyrir háttsemi, sem milliríkjasamningur (konvention) frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögð mætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna tekur til, eftir að sá samningur hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu. Mál samkvæmt þessum tölulíð skal þó aðeins höfðað eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Ný grein, 120. gr. a, orðist svo:

Nú veitir maður vísvitandi rangar unþlýsingar eða lætur unpi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna eða um atriði, sem varða loftferðaöryggi, og varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess konar orðróm gegn betri vitund.

3. gr.

Við 165. gr. bætist ný málsgrein, svofelld:

Nú beitir maður, sem er í loftfari, ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða annarri ólögð mætri aðferð til að ná valdi á stjórn loftfars eða gripur á annan hátt ólöglega inn í stjórn þess og flug, og varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár. Ef alveg sérstaklega stendur á, getur refsing orðið lægri. Ákvæði 166., 167. og 169. gr. eiga einnig við um brot þessi.

4. gr.

Við 2. málsgrein 257. gr. bætist: Sama er, ef eignaspjöll beinast að loftfari.

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.